

40. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 5. mars 2002 kl. 11:30 á skrifstofu SORPU.

Mættir: Gunnar Bragason, Björn Halldórsson, Ingi Arason og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Jóhannes Pálsson, Ásmundur Reykdal og Pétur Bjarnason í síma.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

LCA málið, innheimta styrkja.

Ekkert hefur heyrst varðandi málið, síðan Guðmundur hjá Línuhönnun bað um frekari gögn. JP, minnir á að FENÚR hafi skuldbundið sig til að greiða kr. 560.000 vegna LCA málsins. Hugmynd kom fram um að fá Guðmund Lh. til að fjalla um málið á aðalfundi FENÚR og kynna það síðan rækilega á heimasíðu félagsins.

Fundur með Hollustuvernd.

GB og PB áttu fund með Kees (Cornelius A. Meyles) og Helga Jenssyni, hjá Hollustuvernd. Lagt fram bréf (tölvupóstur) þar sem fjallað er um samstarfsgrundvöll FENÚR og Hollustuverndar. Stefnt að því að GB og BH fundi með Hollustuverndarmönnum um framhald málsins á n.k. föstudag. Þar verði lögð áhersla á upphaflegar hugmyndir um samstarfið.

Starfshópar.

Brennsluhópur hittist á Suðurnesjum fyrir skömmu. GTÓ sendir punkta frá fundinum á heimasíðu FENÚR. Formaður leggur til að formenn starfshópa verði með yfirlit um framtíðarverkefni hópanna á aðalfundi.

Fjármál FENÚR.

JP gjaldkeri lagði fram tillögu að uppgjöri ársins 2001 og fjárhagsáætlun fyrir 2002. Lagt er til að félagsgjöld verði óbreytt árið 2002. Málið rætt. Ársreikningur og áætlun, verða lögð fyrir aðalfund í apríl nk.

Aðalfundur.

Rætt um framkvæmd aðalfundar FENÚR. Ný dagsetning var ákveðin og verður aðalfundurinn haldinn þann 19. apríl nk. Ragna sér um útvegum húsnæðis.

Á aðalfundi verði afhent frumherjaverðlaun FENÚR. GB og Ragna sjá um undirbúning.

Rætt um tilnefningar í trúnaðarstörf.

Rætt um hvaða mál eigi að fjalla um á ráðstefnu að loknum aðalfundi og hverjum eigi að bjóða til fundarins. Vísað til fundargerðar síðasta fundar um efni ráðstefnunnar.

Lagt til að fjalla um og kynna stöðu STENÚR hópsins, nýjan spilliefnalista, Umhverfisstofu Reykjavíkurborgar og urðunartilskipunin var nefnd á ný.

IA. lagði til að leitað yrði til Haraldar í Furu um veitingar í ráðstefnu lok.

Önnur mál.

Kynnt IFAT sýning, sem haldin er í Þýskalandi.

Rætt um Bækling um merkingakerfi FENÚR. GTÓ falið að vinna að málinu.

Fundi slitið kl. 13:47 fundarritari Á.R. oggto.

Fundi slitið 16:15

Ásmundur Reykdal.